

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febr. 1950. 8. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með $\frac{1}{3}$ hluta eftirlátinna eigna Guðrúnar Danielsdóttur, sem var kennslukona við Miðbæjarskólann í Reykjavík í 35 ár. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðrúnar Danielsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 18000 — átján þúsund krónur — í skuldabréfi og kr. 500 — fimm hundruð krónur — í peningum, samtals kr. 18500 — átján þúsund og fimm hundruð krónur —. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, samkvæmt arfleiddsluskrá hinnar látnu, dags. 12. okt. 1939, að styrkja fátæk og heilsuveil börn í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónur — má í þessu skyni verja árlega $\frac{1}{2}$ vöxtum sjóðsins, en afgangur leggist við höfuðstól.

Þyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert árið að úthluta neinu af vöxtunum, skal leggja þá við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi þrjú menn. Skólastjóri og skólalæknir Miðbæjarskólans og formaður fræðsluráðs Reykjavíkur. Úthlutar stjórnin styrkjum úr honum. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — má, með samþykki fræðsluráðs Reykjavíkur breyta framanskráðum ákvæðum um það, hve miklu af vöxtum hans megi úthluta. Þá má aldrei ákveða, að minna en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn árlega.

Stjórnin skal halda gerðabók, sem hún löggildir og skrá í hana samþykktir sínar varðandi ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað, sem máli skiptir.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um að leiði Guðrúnar Danielsdóttur í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík sé jafnan vel við haldið og ber sjóðnum að kosta viðhaldið.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu færðir í gerðabók hans og endurskoðaðir af endurskoðendum Reykjavíkurbæjar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.